

<b>Kennari</b>	Bragi Óskarsson og Ketill Sigurðarson	<b>Sk.st.</b>	BSÓ, KES
----------------	---------------------------------------	---------------	----------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði í véltrésmíði. Fjallað er um algengustu trésmíðavélar sem notaðar eru í tré- og byggingaiðnaði, meðferð þeirra og umhirðu. Farið er yfir grunnatriði við vinnslu á gegnheilum viði, stillingar, fyrirbyggjandi viðhald, hlífar, hjálpertæki, líkamsbeitingu og öryggismál og nemendur fá innsýn í að velja og skipta um helstu eggjárn. Lögð er áhersla á notkunarleiðbeiningar og merkingar á tækjum og búnaði. Kennsla í áfanganum byggir á innlögnum frá kennara þar sem hann útskýrir grunnatriði fyrir nemendum með sérstakri áherslu á öryggisþætti en að öðru leyti er aðaláherslan á verkefni þar sem nemendur fá þjálfun í notkun véla og tækja. Áfanginn er hluti af grunnnámi byggingagreina.

### Markmið:

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu og notkun á algengustu trésmíðavélum
- öryggiskröfum sem gerðar eru við vinnu við trésmíðavélar

Nemandi öðlist leikni í að:

- nota trésmíðavélar við vinnu á gegnheilum viði á öruggan hátt
- ganga um trésmíðaverkstæði sem vinnustað
- velja bitverkfæri við hæfi

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með gegnheilan við í bútsög, aftértara, þykktarhefli og plötusög.
- gera sér grein fyrir því hvaða hættur eru fyrir hendi við vélavinnu og bregðast við þeim á réttan hátt
- vera ábyrgur við notkun og umgengni við trésmíðavélar og trésmíðaverkstæði

### Námsgögn:

Upplýsingar frá kennara, myndbönd og rafræn verkefni

### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttar:

Tímabil (vikunúmer/lotun úmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttar
Vika 33 - 35	Búttun	Google Forms verkefni	10%
Vika 36 - 40	Afrétting	Google Forms verkefni	20%
Vika 41 - 43	Þykktarheflun	Google Forms verkefni	20%
Vika 44 - 46	Sögun	Google Forms verkefni	50%

Verkefni taka mið af aðstæðum á verkstæði á hverjum tíma.

### Námsmat og vægi námsmatspáttar:

Áfanginn er símatsáfangi þar sem horft er til vinnu nemandans og ástundun í áfanganum.


Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspáttir	Lýsing námsmatspáttar		Vægi
Verklegar æfingar	Nemandi æfir sig í niðurefnun, afréttingu, þykktarheflun og plötusögun		50%
Verkefni	Fjögur Google Forms verkefni verða á önninni og munu þau birtast í Google Classroom hjá nemendum.		50%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

**Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**


**Annað:**

Kennari áskilur sér rétt til breytinga

Dagsetning: 17/8 '21

  
Undirritun kennara

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils